

Kennsluáætlun 2019 - 2020

Íslenska 6. bekkur

Í íslensku í 6.bekk eru 5 kennslustundir á viku. Kennarar eru Elsa Sigrún Elísdóttir og Dagný Elísdóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í íslensku er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi. Nemendur þjálfa upp hæfni í máli, lestri, lesskilningi, ritun, hlustun, og framsögn. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is. Allar kennslustundir hefjast á yndislestri þar sem nemandi les fyrir sjálfan sig í hljóði og svo fyrir starfsmann upphátt.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá verkefnum nemenda auk stuttum könnunum jafnt og þétt yfir önnina.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Bækur af bókasafni til yndislestrar.	Málrækt Stuttar lestrarbækur og vinnubækur þeim tengdar notað í samlestur. Skrift Fyrsti Smellur Málfræðibókin mín Orðspor https://nytt.skolavefurinn.is/	Nemandi getur Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	Orðarún Orðalykill

Ritun Uppbyggingu texta; inngangur/upphaf, meginmál og niðurlag, greinaskil.	Upplestur úr bókum Frjáls ritun.	Nemandi getur: • beitt nokkrum atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar. • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu. • beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu eins og skipt texta í inngang, meginmál og lokaorð með greinaskilum á viðeigandi stöðum • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu. • vísað til heimilda.	
Málfræði - stafsetning Málfræði; upprifjun á nafnorðum, lýsingarorðum, sagnorðum, sérhljóðum og samhljóðum. Notkun persónufornafna. Stafsetningu; reglur um stóran og lítinn staf.	Skrifum texta eftir upplestir	Nemandi getur: • fundið nafnorð í texta og greint kyn, tölu og fall þeirra • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra • beygt sagnorð í kennimyndum • fundið lýsingarorð í texta og fundið stofn þeirra og stigbreytt • útskýrt orðtök og málshætti í töluðu mál • Nemandi kunni regluna um: • stór og lítinn staf • n og -nn • nokkur greinamerki s.s. : . () ? " • -ng og -nk • reglan, y,i,ý,í,ei,ey og i-ei- • setning, málsgrein, efnisgrein • sérnöfn og samnöfn • greinir, kyn og tala • fallbeyging (aðalfall og aukaföll) • stigbreyting lo • sagnorð, tíð og tala	Logos Símat yfir alla önnina Vinnubækur Verkefnablöð ýmiskonar

		• nafnháttur • beygingarmynd orða • stofn orða, •	
Talað mál og framsögn Yndislestur Lestur til gagns		Nemandi getur: • lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. • nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.	Lesfimipróf 3x á vetri sept, janúar og maí.

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor. Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum og með skriflegum tímaverkefnum.

Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir og Dagný Elísdóttir